



Gámasvæðið í Þorlákshöfn

Ágætu íbúar!

Um áramótin, 2017/2018, verður tekið upp miðakerfi á Gámasvæðinu. Það virkar þannig að hvert heimili fær 12 miða sem íbúar nota til að losa sig við **gjaldskyldan úrgang**, þeim að kostnaðarlausu. 1 miði gildir fyrir allt að 1 m³ af gjaldskyldum úrgangi. Því er mikilvægt að vera með miðana við höndina þegar verið er að losa sig við **gjaldskyldan** úrgang.

ATH. Að þetta gildir einungis fyrir heimili en ekki fyrirtæki þar sem ætlast er til að fyrirtækin séu sjálf með gáma og semji við sorphirðuaðila um losun á þeim.

Gjaldskyldur úrgangur er: Málmar/járn, timbur, veiðarfæri, kaðlar, heimilisúrgangur, rekstrarúrgangur og byggingarúrgangur. Sjá nánar á <https://www.olfus.is/static/files/Skrar/gjaldskra-fyrir-sorphirdu-2017.pdf>

Gjaldfrjáls úrgangur: Pappír/pappi, plast, hjólbarðar, föt o.fl.

Miðarnir verða fáanlegir, húseigendum til afgreiðslu, frá og með 21. desember á Bæjarbókasafni Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn.

Þar er opið frá mánudegi til föstudags frá kl. 12:30 til 17:30.

Vinsamlegast athugið að miðarnir verða ekki sendir í pósti.

Ennfremur verður hætt að taka við bílum en það verður hægt að fara með bíla á Netparta ehf. fyrir utan Selfoss.

ATH. Breyttan opnunartíma á Gámasvæði Ölfuss. Frá og með áramótum verður opið á laugardögum frá 12:00 (var 13:00).

Opnunartími Gámasvæðis:

Mánudaga - fimmtudaga frá kl. 15:00 - 18:00

Föstudaga frá kl. 13:00 - 18:00

Laugardaga frá kl. **12:00** - 16:00

Dreifbýli Ölfuss:

Móttaka sorps fyrir dreifbýli Ölfuss er í Hveragerði, að Bláskógum 14.

Opnunartími: Alla virka daga frá kl. 16:00 - 18:00 og

laugardaga frá kl. 12:00 - 16:00.

Íbúar í dreifbýli Ölfuss fá 12 gámamiða afhenta árlega svo hægt sé að losa sig við sorp án endurgjalds. Hægt er að nálgast miðana á bókasafninu í Hveragerði. Þar er opið frá mánudegi til föstudags frá kl. 13:00 til 18:30 og á laugardögum frá kl. 11:00 til 14:00.

Sorp frá fyrirtækjum:

Gámasvæðið tekur við flokkuðum úrgangi (**hámark 2 m² í einu**) frá fyrirtækjum í Ölfusi gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá. Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Ætlast er til að fyrirtækin séu sjálf með gáma og semji við sorphirðuaðila um losun á þeim.

Jólaakveðja

Davíð Halldórsson umhverfisstjóri Ölfuss